

Hrafnildur Kara Kristinsdóttir

MS verkefni: Delirium and Analgesics in adult patients: A qualitative focus group study to aid in the development of multinational consensus guidelines.

Höfundur: Hrafnildur Kara lauk stúdentsprófi af félagsvísindabraut við Kvennaskóla Reykjavíkur í desember árið 2017. Hún hóf störf í apóteki eftir útskrift og hefur unnið í apótekum síðan. Hún fór svo í íþróttalýðháskóla í Danmörku

haustið 2018. Hrafnildur hóf grunnnám í lyfjafræði árið 2021 og fann að hún væri á réttri hillu þar, og hóf svo meistaranám í lyfjafræði beint eftir, sem hún lýkur nú. Hrafnildi finnst gaman að kynnst nýju fólki og nýrri menningu og gafst kjörið tækifæri til þess þegar henni bauðst að vinna mstaraverkefnið sitt í Innsbruck Austurríki með yndislegu fólki í deild klínískrar lyfjafræði. Hrafnildur á sjö systkini, þar á meðal tvíburabróðir og foreldrar hennar eru Eygló og Kristinn.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Óráð er algengt, brátt og fjölþátta heilkenni sem einkennist af truflun í athygli og vitrænni getu. Samband óráðs, verks og verkjalyfja hefur lengi verið þekkt en er ekki fullskilið. Í ritgerðinni er litið á stöðu þekkingar um samband verks, verkjalyfja og óráðs og borið saman við reynslu heilbrigðisstarfsfólks á Landspítala á Íslandi og Tirol Klinikum og University Hospital of Innsbruck í Austurríki. Notast var við upplýsingar aflað úr kerfisbundnum yfirlitsrannsóknum og búið til upplýsingatöflur sem notaðar voru til grundvallar umræðu í rýnihópum. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknar verkefni, The COnsensus Guideline on Medication at Risk of Inducing a Delirium (COMeD), sem hefur það að markmiði að gefa út fjölþjóðlegar, gagnreyndar klínískar leiðbeiningar um þátt lyfja í þróun óráðs.